

sem bræður, hvort sem þeir eru hátt settir eða lágt, fátækir eða ríkir, vinir eða óvinir. Þú veist, að ást-in er undirstaða alls hins fagra, alls hins góða og alls hins dýrðlega á jörðunni, — að það er þessi tilfinning, sem framleiðir rósir gleðinnar, friðarins og farsældarinnar, en upp af hartinu spretta þyrnar og annað illgresi, — ógæfa, sorg og glæpir. Hegðaðu þér því eftir beiðni minni, barnið mitt gott, og forðastu þennan mann, sem vill uppræta blóm ástarinnar úr þínu unga hjarta, og rækta þar í staðinn þyrna hatursins".

"En, mamma", sagði Móríts tilgerðarlaust, "hefir ekki ríki maðurinn á sinn hátt einmitt viljað kenna mér að hata?"

"Við hvað áttu?"

"Hefir hann ekki með breytni sinni, fremur en hinn rauðhærði með orðum sínum, viljað innræta mér þessa tilfinningu. Hefði hann verið vingjarnlegur við mig, þá hefði ég ekki gert það, sem sá rauðhærði bað mig um. Hann hefir því verið mér jafnhættulegur sem hinn".

Húsrú Sterner varð hissa á þessari röksemdaleiðslu hjá barni, og varð með sjálfri sér að samsinna honum.

"Það getur verið, að þú hafir rétt fyrir þér í þessu, drengur minn", sagði hún. "Stundum vita þeir ríku ekki, hve mikið þeir gera hinum fátæku ilt með hörku sinni. Það er ekki alt innifalið í því, að þeir pini og kvelji líkami þeirra og ræni þá eignum þeirra, en þeir kveikja líka beiskju og hatur í sálum þeirra, enda munu þeir tímar koma, að guð krefjist reikningsskatta af þeim ríku fyrir ýms afbrot er þeir fátæku fremja".

"Já, mamma, rauðhærði maðurinn, sem heitir Jakob Kron, sagði líka, að þeir hefðu útskúlað sér, og gert sig að því ræskni, sem hann væri orðinn.